

47  
12. febr.

## FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1938.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum 1938, eru veittar kr. 89481.14 samkv. 2.—6. gr. þessara laga.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. A. er veitt:

1. Kostnaður við viðgerð á lögreglustöðinni, Pósthús- str. 3, Reykjavík .....	kr. 5758.55	
2. Kostnaður við byggingu fangahúss á Sauðárkróki ..	— 1984.80	kr. 7743.35

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

Til bókasafns á Sauðárkróki .....	—	500.00
-----------------------------------	---	--------

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1. Kostnaður við athugun á fjárhag bæjarfélaga og út- gerðarmanna á Austurlandi .....	kr. 1129.00	
2. Kreppuhjálpi til Austfjarða .....	— 52000.00	— 53129.00

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

1. Til sjúkrasjóðs verkamannafél. á Þingeyri .....	kr. 300.00	
2. Til sjúkrasjóðs hjúkrunarfélag. í Ólafsvík .....	— 300.00	— 600.00

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

1. Kostnaður vegna heimsóknar krónprínshjónanna ..	kr. 23508.79	
2. Greiðsla vegna ofviðristjóns á Haganesvík .....	— 4000.00	— 27508.79
		<b>Samtals kr. 89481.14</b>

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.).

*Jakob Möller.*